



## HAFNARFJÖRÐUR

Velferðarráðuneytið

b.t. Guðbjarts Hannessonar, ráðherra  
Hafnarhúsinu

Hafnarfirði, 19. des. 2012

**Hér með er óskað eftir viðræðum við Velferðarráðuneytið um dagdvalarrúrræði fyrir aldraða í Hafnarfirði.**

**Jafnframt er óskað eftir viðræðum um framtíð St. Jósefsspítala og Sólvangs.**

### Dagdvöl

Brýn þörf er orðin á aukinni dagdvalarþjónustu fyrir aldraða í Hafnarfirði. Tvö dagdvalarúrræði eru rekin í sveitarféluginu. Hrafnista rekur aðra og eru þar 26 pláss sem 64 einstaklingar nýta sér 2-5 daga vikunnar. Hér er um að ræða almenna dagvist.


Félag aðstandenda alzheimersjúklinga rekur hitt dagdvalarúrræðið í Hafnarfirði og eru þar 20 sérhæfð dagdvalarpláss og eru 27 einstaklingar að nýta sér það úrræði.

Biðlistar hafa myndast hjá báðum rekstraraðilum og eru 45 – 50 einstaklingar á biðlista eftir dagdvalarúrræði. Um þriðjungur er í þörf fyrir sérhæft úrræði. Það liggur því fyrir að brýn þörf er á aukinni dagdvalarþjónustu. Hér er um að ræða grunnþjónustu sem nauðsynleg er í uppbyggingu og þróun þjónustu fyrir aldraða. Óumdeilt er að hér er um þjónustu að ræða sem þarf að vera fyrir hendi til að unnt sé að efla heimaþjónustu við aldraða og draga úr stofnanavistunum.

Það er ljóst að brýn þörf er á auknum dagdvalarúrræðum á svæðinu. Dagdvöl með t.d. 25 rýmum myndi leysa mikinn vanda.

Á fundi fulltrúa Hafnarfjarðarkaupstaðar með fjárlaganefnd Alþingis þann 15. október 2012 var neðanskráðu komið á framfæri:

*"Hér er þess eindregið farið á leit að hafinn verði undirbúningur að stofnun og rekstri dagvistunar fyrir aldraða í Hafnarfirði og að því stefnt að rekstur geti hafist síðla árs 2013 eða í upphafi árs 2014."*



## HAFNARFJÖRÐUR

Á áðurnefndum fundi með fjárlaganefti var eftirfarandi umfjöllunarefnum ennfremur komið á framfæri:

Þrátt fyrir að tafir hafi orðið á því að nýtt hjúkrunarheimili rísi á Völlum í Hafnarfirði er ljóst að núverandi starfsemi á Sólvangi mun ljúka innan skamms. Rekstur Sólvangs hefur verið erfiður og orsakir þess án efa margvíslegar. Mikilvægt er að tryggja núverandi rekstur og þá þjónustu sem nú er veitt þar. Frekari niðurskurður getur aðeins leitt til skertrar þjónustu.

Nauðsynlegt er ennfremur að leiða til lykta viðræður bæjarins og ríkisins um framtíð Sólvangs.

Lögð er rík áhersla á að lokið verði athugun á því hvað verði um St. Jósepsspítala sem nú stendur auður. Það er sameiginlegt verkefni ríkisins og Hafnarfjarðarbæjar að finna þessu sögufræga húsi verðugt hlutverk.

Þess er farið á leit að viðræður verði hafnar milli velferðarráðherra og Hafnarfjarðarbæjar um þau þrjú viðfangsefni sem hér hefur verið getið, þ.e.a.s.:

\*stofnun dagdvalar fyrir aldraða

\*framtíðarnotkun Sólvangs

\*St.Jósepsspítala

Virðingarfyllst,

*Constance M. Lundsd.*  
bæjarstjóri

